



Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2014

Samþykktar af sveitarstjórn Skagastrandar 11. desember 2013.

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,40%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,58%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,2%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **33.550** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **10.560** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **3.730** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **5.200** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.583.619 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar).
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 4.222.339 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar).
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 3.229.524 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar).
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.277.924 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar).